

Kafli 5.2 – Lagskipting: síðari hluti

Spurningar úr efni bls. 128-137.

1. Hvernig greindi Max Weber lagskiptingu í þjóðfélaginu á annan hátt en Karl Marx?
2. Hvernig lýsir efnahagsstétt sér (auður)?
3. Hvernig lýsir Weber pólitískum samtökum (vald)?
4. Hvernig lýsir Weber stöðuhópum (félagsleg virðingarstaða)?
5. Hvað er félags- og fjárhagsstaða (socioeconomic status)?
6. Hvað er fólgið í lífsstíl samkvæmt Weber og hvernig tengist hann stöðuhópum?
7. Hvað á Weber við með því að heilsulífsstíll sé oft fólgin í neyslunni sjálfri?
8. Hvað átti Thorsten Veblen við með hugtakinu sýndarneysla?
9. Hvað er fólgið í svokölluðum Veblen-vörum?
10. Í bók sinni, Aðgreining, rannsakaði Pierre Bourdieu tengsl stéttarstöðu og heilsulífsstíls í Frakklandi. Hvað er venjuháttur (habitus), og að hvaða niðurstöðu komst Bourdieu í tengslum við matarvenjur og íþróttáhuga fólks?
11. Hvað á Bourdieu með hugtakinu „fjarlægð frá nauðpurftum“?
12. Hver eru rök samstöðusjónarhorns (virknihyggju) fyrir nauðsyn lagskiptingar í samfélaginu?
13. Hver eru rök átakasjónarhorns fyrir því að lagskipting sé óþörf í samfélaginu?

14. Hvað þýðir það að stéttarstaða geti verið mikilvæg breyta í rannsóknum? Dæmi?
15. Hverjir eru helstu mælikvarðarnir á stéttir?
16. Hver er munurinn á algildri fátækt og afstæðri fátækt?
17. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á fátækt á Íslandi? Niðurstöður?
18. Hver eru helstu áhrif fátæktar á heilsu barna?
19. Hvaða tengsl sýna rannsóknir M. Harvey Brenner á milli atvinnuleysis, félagslegs álags, fátæktar og heilsufarsvandamála?
20. Hvaða þættir ráða því að félagslegt álag getur haft meiri áhrif á sumt fólk en annað?
21. Hvers vegna er hægt að segja að konur séu í auknum mæli stærra hlutfall af fátækum?
22. Hvernig lýsir svokölluð fátækramenning sér?
23. Hvaða ástæður eru fyrir fátækt?
24. Herbert Gans bendir á ákveðna virkni fátæktar í samfélaginu. Hvaða virkni segir hann að fátækt hafi í samfélaginu?
25. (Hópverkefni) Hvernig verður mismunandi lífsstíll til hjá fólki? Eru íslenskir unglingar með einn sameiginlegan lífsstíl? Er lagskipting ónauðsynleg eða óhjákvæmileg í sérhverju samfélagi?